

4. Október 2011

Fundur nr. 64

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 4. Október 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Kristján Árnason og Sigríður Vigdís Þórðardóttir framkvæmdarstjóri.

1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir fundagerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Bréf til bæjarinns

Framkvæmdastjóra falið að semja bréf til bæjarinns með fjárhagsáætlun fyrir þetta tímabil til hliðsjónar er varðar nýjan samstarfssamning á milli Þróttar og bæjarfélagsinns. Þarna á einnig að koma fram stuðningur er varðar 80 ára afmæli félagsinns.

Framkvæmdastjóra er einnig falið að ýta á bæjaryfirvöld er varðar greiðslu á leigu á tækjarbúnaði í eigu Þróttar.

3. Meistaraflokkur

Stjórn Þróttar vill vera meistaraflokknum innan handar en getur að svo stöddu ekki tekið sæti í stjórn meistaraflokksinns. Jafnframt telur stjórn þróttar æskilegt að gerður yrði samstarfssamningur á milli stjórn Þróttar og meistaraflokksinns.

4. Íþróttadagurinn

Mun vera haldinn föstudaginn 7. okt. Framkvæmdastjóra var falið að auglýsa daginn þ.e. að setja auglýsingu upp í N1, íþróttahúsinu og grunnskólanum. Maggi mun mæta kl. 17:00 þennan dag til þess að taka á móti þeim börnum sem vilja reyna fyrir sér í júðóinu. Kristján, varaformaður Þróttar, mun einnig vera á staðnum.

5. Sambandsþing UMFÍ

Sambandsþing UMFÍ verður haldið helgina 15.-16. Október og munu þau Björn Sæbjörnsson og Sigríður Vigdís Þórðardóttir mæta fyrir hönd Þróttar.

6. Önnur mál

Stjórn þróttar þykir það ekki forsvaranlegt þegar að þjálfarar mæta ekki í grunnskólann og kynni sína íþrótt á umsömdum tíma. Í samningum þjálfara stendur að þeim beri að mæta í grunnskóla Voga og kynna þá íþrótt sem þeir komi til með að þjálfar og ber þjálfurum að fara eftir því.

Tölvupóstur teknir fyrir og farið yfir þá.

Umræða tekin fyrir er varðar reikninga sem foreldrar eru að fá til sín fyrir júní, júlí og ágúst. Þetta stafar af því að þegar Landsbankinn tók Sparisjóðinn yfir urðu þessir

reikningar eftir og eru því gamlir. Ekki hafði verið rukkað fyrir þetta áður og eru foreldrar ekki að tvíborga æfingargjöldin.

Skráningar í íþróttir fara fram mánudaginn 10. október og þriðjudaginn 11. október og munu stjórnarmenn skipta þeim dögum með sér. Framkvæmdastjóri mætir báða dagana. Sandra og Kristján munu mæta á mánudaginn en Heiða og Björn á þriðjudaginn.

Foreldrafélagið heldur aðalfund 13. október kl. 20:00 og hefur framkvæmdastjóra verið falið að sjá um dreifingu miða fyrir foreldrafélagið og íþróttadaginn.

Framkvæmdastjóra falið að koma í lag þeim vandamálum er varðar nýju heimasíðu Þróttar og veffangs félagsins.

Þrótti hefur boðist tilboð í íþróttagalla merкта félaginu frá öðru fyrirtæki en því sem Þróttur hefur skipt við s.l. ár. Framkvæmdastjóra var falið að athuga þessi mál og skoða þau betur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:55